

Nr. 156 / 13 Þór HF 4***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 2549
Smíðaður: Frederikshavn Danmörku, 1998
Stærð: 1094 brl. 1999 bt.
Mesta lengd: 57,8 m Skráð lengd: 51,02 m
Breidd: 13,5 m Dýpt: 8,12 m
Vél: MAN B&W Alpha 2940 kW, 1998
Fjöldi skipverja: 26



Þór©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. september 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 1. nóvember 2013 var Þór HF 4 á togveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: NA 15 m/s og ölduhæð 5 m.

Búið var að hífa pokann inn fyrir og setja pokastroffuna í afturgilsinn þegar einn skipverja tók stroffu af belgnum og gekk aftur trollþilfarið til að fara út af því um hliðið inn í bakborðsganginn. Á meðan var afturgilsinum slakað til að leysa pokahnútinn en þá smokkaðist stroffan af króknum. Við það losnaði um aðhald pokans og á sama tíma valt skipið yfir til bakborða svo pokinn lenti á vinstri fót skipverjans sem var þá að lyfta honum upp og inn í bakborðsganginn. Fóturinn klemmdist á milli pokans og þröskuldar hliðsins. Þrátt fyrir að skipverjinn rykkti í var fóturinn fastur og á næstu veltu til bakborða lagðist pokinn af miklu afli að fætinum svo hann brotnaði.

Búið var um fót slasaða með spelkum og siglt til Ísafjarðar þar sem honum var komið á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagðist hafa verið búinn að lyfta vinstri fætinum örlítið upp þegar hann klemmdist og þrátt fyrir stjórnborðsveltu þá hafi hann ekki losnað;

- að sögn slasaða þurfti að slaka á afturgilsinum til að losa pokahnútinn en ef stroffan losnar er ekkert aðhald á aflanum í pokanum sem þá flæddi eftir veltu skipsins;
- að talið var að um 7-12 tonn hafi verið í pokanum;
- að ekki var lokaður krókur í afturgilsinum.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til þess að skipverjinn gekk til hliðar við pokann í veltingi.

Nefndin hvetur til þess að ávallt séu notaðir lokaðir krókar í gilsum.